

**2. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn föstudaginn 20 nóvember í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl: 14:30**

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður. Einnig sátu fundinn: Birgir Valur Thorsteinson, Hjörný Karlsdóttir, Valdís Una Guðmannsdóttir, varaformaður og Una Bóel Jónsdóttir (var í gegnum Facetime) sem skráði fundargerð. Þá sat Halldóra Hjörleifsdóttir einnig á fundinum.

**Dagskrá fundarins var eftirfarandi:**

**1. Fjárhagsáætlun, fjárfestingaráætlun, deiluskipulag og önnur gögn.**

Farið var yfir fjárhagsáætlunina og önnur gögn. Halldóra fór yfir fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2021 fyrir nefndarmenn upp á skjá. Nefndarmenn settu engar athugasemdir og voru almennt ánægð.

Farið var yfir teikningar á hringtorginu og umræður voru um skipulag í kringum skólalóðina og Lækjagarðinn. Halldóra kynnti einnig fyrir nefndarmenn deiluskipulagið í Gröf.

**2. Önnur mál**

- Talað var léttilega um hvað væri hægt að gera við hæðina fyrir ofan tækjageymsluna.

Hugmyndir:

- o Hægt að hafa glugga til þess að horfa niður á völlinn og ef til vill hægt að nota fyrir kvíkmyndatöku.
  - o Fundarherbergi.
- Hugmynd að tilfærslu styttunnar
    - o Setja stytta fyrir framan félagsheimilið eða í Lækjagarðinn.
- 
- Stefnt er á vinnufund um miðjan janúar.

**Fundi slitið 15:45**